

Pann 19. desember 2018 opnaði mennta- og menningarmálaráðherra vefinn lifandihefdir.is. Vefurinn þjónar hlutverki yfirlitsskrár um óáþreifanlegan menningararf á Íslandi. En hvað er óáþreifanlegur menningararfur og hvað eru lifandi hefðir?

Samningur UNESCO frá árinu 2003 fjallar um varðveislu óáþreifanlegs menningararfs, sem á ensku nefnist intangible cultural heritage og á frönsku patrimoine culturel immatériel. Samningurinn öðlaðist gildi hér á landi árið 2006. Í íslenski þýðingu samningsins var þetta orðasamband þýtt sem menningarerfðir. Það orð er í litilli notkun og hefur auk þess ákveðna vankanta. Hvorki menningarerfðir né óáþreifanlegur menningararfur (sem fræðimenn nota vanalega um intangible cultural heritage) eru þjál orð til notkunar í tengslum við vef fyrir almenning. Þess vegna var farin sú leið að nota orðið lifandi hefðir í heiti vefsins og í lýsingu á efni hans. Sú orðnotkun fellur einnig vel að markmiðum samningsins sem er fyrst og fremst að varðveita lifandi menningararfleið fremur en að endurvekja tiltekna hefðir sem ekki hafa lengur þýðingu fyrir samfélagið.

Í samningi UNESCO frá árinu 2003 er óáþreifanlegur menningararfur sagður vera: siðvenjur, framsetning, tjáningarform, þekking, færni sem samfélag, hópar og í sumum tilvikum, einstaklingar, telja hluta af menningararfleið sinni. Lifandi hefðir eru sagðar flytjast frá kynslóð til kynslóðar, eru í stöðugri endursköpun í samfélögum og hópum fólks sem svar við umhverfinu og þáttur í viðbrögðum fólks við náttúrunni og sögunni, þær styrkja sjálfmynd þess og tilfinningu fyrir sögulegri framvindu og stuðla þannig að virðingu fyrir menningarlegri fjölbreytni og sköpun. Ennfremur segir að þessi tjáning birtist helst á eftirfarandi sviðum: munnlegri hefð og tjáningu, sviðslistum, félagsvenjum, helgisíðum og hátíðahöldum, þekkingu og venjum, sem tengjast náttúrunni og alheiminum, og síðast en ekki síst hefðbundinni verkunnáttu.

Pegar vefurinn lifandihefdir.is er skoðaður kemur í ljós hversu fjölbreyttar lifandi hefðir eru. Á vefnum eru nú þegar dæmi um nýjar og gamlar hefðir, alþekktar hefðir og minna þekktar, hversdagslegar og hátíðlegar hefðir, fágætar hefðir og hefðir sem hafa gengið í gegnum endurnýjun lífdaga og allt þar á milli. Sem dæmi um skráningar á vefnum má nefna hefðir í tengslum við sagnamennsku og kveðskap, matarmenningu, þjóðtrú og handverkshefðir. Fjölbreytni í skráningum á vefnum er mikil og gefa þær góða mynd af lifandi menningu hérlendis. Á vefnum má t.d. lesa um íslenska stuðlasetningarhefð, að syngja barnagælur og vöggvísur, sláturgerð, brauðtertur, berjamó, laufabrauð, ættarmót, saumaklúbba, þjóðbúninga, glímu og smíði súðbyrtra báta. Þegar þetta er ritað eru skráningar 30 talsins. Þess má geta að á lista UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf mannkyns eru núna 629 fyrirbæri frá 139 löndum en aðildarríki samningsins eru nú 180 talsins.

Vert er að taka fram að skv. samningum viðurkennir UNESCO lifandi eðli hefða, þ.e.a.s. að hefðir eru stöðugt endurskapaðar, umskapaðar og breytast í tímans rás með nýjum kynslóðum, í kjölfar samfélagsbreytinga o.s.frv. Þess vegna gengur varðveisla, eins og fjallað er um hana í samningnum, ekki út á að staðla eða frysta hefðina. Þvert á móti gengur varðveisla m.a. út á að gera sýnilega þessa fjölbreytni, bæði á milli ólíkra hefða og innan tiltekinnar hefðar.

Eins og áður sagði er vefurinn lifandihefdir.is yfirlitsskrá um óáþreifanlegan menningararf á Íslandi. Vefurinn þjónar jafnframt því hlutverki að stuðla að fræðslu og vitundarvakningu um mikilvægi óáþreifanlegs menningararfs, t.d. handverkshefða. Þá er vefurinn vettvangur fyrir félög, hópa og einstaklinga til að miðla og deila þekkingu sinni og um leið vettvangur fyrir áhugasama til að sækja sér fróðleik og kynna ólíkum hefðum. Smátt og smátt verður því til skemmtilegur upplýsingagrunnur sem getur orðið vettvangur til frekari varðveisluráðstafana og samtals um menningararf og vörslu þessa menningararfs.

Lifandi hefðir á Norðurlöndum:


Noregur: <https://www.immaterieellkultur.no>

Svíþjóð: <https://www.isof.se/lar-dig-mer/levande-traditioner>

Danmörk: <https://levendekultur.kb.dk/index.php/Forside>

Færeyjar: <https://www.ummr.fo/fo/arbeidsoki/mentan/mentanar-og-natturuarvur/livandi-mentan/>

Finnland: <https://www.aineetonkulttuuriperinto.fi/en/>



Fréttabréf VITAFÉLAGIÐ íslensk strandmenning

1. tbl 2022

Ágæti lesandi.

Pegar við heimsækjum aðrar þjóðir er það í flestum tilvikum sagan sem heillar. Við þræðum gamlar götur sem segja og sýna okkur sögur af lífi sem eitt sinn var, skoðum söfn, báta og bryggjur og borðum á veitingahúsum þar sem gómsætir réttir eru fram bornir í byggingum sem áður hýstu sláturhús, verksmiðju, fiskverkun eða verbúð. Við hvert fótmál blasir saga genginna kynslóða við okkur, þó svo að ný starfsemi sé búin að hreiðra um sig í gamla hulstrinu. Sjálf höfum við verið þjóða duglegust við að þurrka þessa sögu burt, sérstaklega við sjávarsíðuna, þar höfum við rífið hús og byggt ný, eyðilaggt siglingavarir og súðbyrtir bátar hafa fuðrað upp á áramótabrennum og sjást vart lengur. Söguna við sjávarsíðuna er því oftast en ekki erfitt að koma auga á.

Við, sem nú keppumst við að taka á móti erlendum ferðalöngum látum stundum sem fyrstu íbúar landsins hafi ekki komið af hafi. Gleyfum því að þeir voru hér langt á undan ícelandair. Hafi þeir verið af keltnesku bergi brotnir og komið frá Bretlandseyjum hafa þeir væntanlega komið á kúrekum (skinnbátum). Síðar voru það norrænir menn sem hingað komu og námu land á súðbyrtum bátum. Við stendur landsins þróaðist saga okkar og menning. Af gnægtum hafsins sóttu menn björg í bú og hafið var okkar þjóðleið, okkar leið til mennta og samgangna við aðrar þjóðir. Samt er orðið strandmenning ekki til í íslenskum orðabókum. Vissulega voru biskupsstólar og mörg höfðingjasetur inn til sveita á meðan tómthúsfólk bjó á mölinni. Og kannski er það ástæðan fyrir því að erum stundum ófús að kannast við okkar strandmenningu. Þykir hún kannski ekki nógu fín?

Randulfssjóhús á Eskfirði er eitt örfárra sjóhúsa á landinu sem enn stendur og er góð fyrirmynd um það hvernig nota má söguna til nýsköpunar – og græða á henni. Þar er nú rekinn einn vinsælasti veitingastaður Austfjarða. Ósvörin í Bolungarvík er endurgerð verstöð frá árabátaöld. Hún var smíðuð fyrir gerð heimildarmyndar Erlends Sveinssonar, Verstöðin Ísland og Íslands þúsund ár. Nú er þar sjóminjasafn sem saman stendur af tvöfaldri 19. aldar verbúð, salthúsi, fiskreiti og þurrkhjalli. Þar er einnig sexæringur, dráttarspil, ýmis veiðarfæri og tæki og tól sem notuð voru við veiðar og fiskverkun á öldum áður. Þar má glöggst sjá hvernig lífið var við sjávarsíðuna. Nú er Ósvörin einn aðalvegur erlendra ferðamanna sem sækja Vestfirði heim.

„Menning er auðvitað það að vera manneskja í einhverju landi, hvar sem er, hvar sem það kann að vera staðsett og hvernig sem það land kann að vera. Menning er sú mennska sem við gengst í því landi við þær aðstæður sem mönnum eru búnar og þjóð er auðvitað einskis virði nema hún geti varið sína eigin mennsku.“ Skrifaði eitt sinn rithöfundurinn Guðrún Helgadóttir.

Nú er handverk og hefðir við smíði súðbyrtra báta komið á lista hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna – UNESCO - yfir menningarerfðir mannkyns. Það er því full ástæða til þess að við tökum höndum saman og hlúum að okkar strandmenningu, kynnumst henni, verndum, virðum og metum og gerum það vel. „Menning er það að gera hluti vel“ sagði heimspekingurinn Þorsteinn Gylfason.

Sigurbjörg Árnadóttir

Vinsamlegast munið að greiða félagsgjöldin

RANDULFFSSJÓHÚS Á ESKIFIRÐI - Sigurbjörg Árnadóttir

Eitt aðalkennileitið á Eskifirði er Randulffssjóhús. Tígulegt einlyft timburhús með risþaki sem stendur niðri í flæðarmáli og snýr suðurstaftni að sjó.

Húsið var flutt til landsins frá Noregi og er talið að það hafi verið reist um 1882 á Hrúteyri við Reyðarfjörð en að líkindum flutt á núverandi stað 1890. Árið 1999 var húsið friðað af menntamálaráðherra. Nú rekur ferðapjónustan á Mjóeyri matsölustað í húsinu, en hún er í eigu þeirra Sævars Guðjónssonar og Berglindar Ingvarsdóttur.



Berglindi segist svo frá: Við vorum með bátaleigu í húsi aðeins utar en Randulffssjóhús þegar forstöðumaður allra safna í Fjarðabyggð, Pétur Sörensson, kom til okkar og bað okkur um að færa bátaleiguna í Randulffs og hjálpa þeim þannig að gera húsið meira að lifandi safni. Randulffs-sjóhús hefur síðan 1995 verið í eigu safnsins en það var árið 2008 sem þessi ákvörðun var tekin. Það eina sem við gerðum þá var að færa til hluti og koma fyrir borðum. Við færðum bátaleiguna en fljótt fóru hópar að óska eftir mat og meiri afþreyingu. Á þessum tíma fórum við mikið með hópa í gönguferðir, í bátaleiguna og grilluðum svo fyrir hópana í lok ferða.

Þetta vatt svo enn meira upp á sig og árið 2011 byrjuðum við með „al a carte“ (matseðil) og höfum verið með veitingastaðinn opinn öll sumur síðan. Erum alltaf með lærða kokka hjá okkur og leggjum mikla áherslu á að vera með ferskan mat af svæðinu s.s. ferskan fisk sem við kaupum af markaðnum, lax úr firðinum, hreindýr, svartfugl, kaviar frá Eskju, hákarl og harðfisk ofl.

Húsið hefur mikla og skemmtilega sögu sem okkur finnst gaman að halda á lofti enda koma Norðmanna til Eskifjarðar stór hluti af uppbyggingu staðarins. Þegar við byrjuðum með Randulffs sem veitingastað voru engir aðrir veitingastaðir á Eskifirði. Við vorum með marga gesti í gistingu á Mjóeyri þannig að okkur þótti þetta upplagt. Heimamönnum fannst þetta líka spennandi og komu oftast en ekki með sína gesti í mat. Við höfum verið sérlega heppin með kokka og fengið góðar umfjallanir á netmiðlum og víðar. Staðan var þannig síðasta sumar að við vorum meira og minna með fullbókað öll kvöld.

Sagan í stuttu máli;

Randulffssjóhús var byggt 1890 af Peter Randulff sem kom frá norður Noregi í þeim tilgangi að veiða síld en þá voru allir firðir hér fyrir austan og norðan fullir af síld. Norðmenn höfðu veitt mikið af síld við Noreg, en svo hvarf síldin þar og þeir fréttu af síldinni hér við Ísland og það voru margir sem komu hingað.

Peter og félagar komu með húsin og bátana með sér, unnu síldina á neðri hæð hússins og voru með verbúð og netageymslu á efri hæðinni. Um 1920-1930 fóru þeir til Noregs, trúlega bara til að fara í frí, en svo hvarf síldin hér líka þannig að þeir komu ekki aftur. Þá tóku við húsinu skyldmenn Peters sem nýttu aðeins neðri hæðina fyrir sína smábátatúgerð en hleyptu helst aldrei neinum inn í húsið. Þeir gáfu svo Sjóminjasafninu húsið 1995 og vildu að það yrði til sýnis, en efri hæð hússins þar sem verbúðin er, hefur í engu verið breytt síðan þeir yfirgáfu hana einhvern tíma á árunum 1920-1930.

AÐ SIGLA SINN SJÓ - Sigurbjörg Árnadóttir



Frá bænum Ögri við Stykkishólms hefur útræði verið stundað allt frá landnámi. Til skamms tíma voru þar gerðir út fjórir til fimm bátar til grásleppuveiða, en nú hefur útgerðin verið færð til Stykkishólms. Í Ögri býr ásamt foreldrum sínum Einar Jóhann Lárusson, sem nú er eini neminn á Íslandi í bátasmiði. Hann hefði reyndar útskrifast nú á vordögum - ef hann hefði ekki verið svo ólánsamur að fótbrjóta sig og því verður útskrifin að biða hausta - eða næsta vetrar. Hann segist lengi hafa haft áhuga á gömlum hlutum og sem unglingur lá hann í bókunum Íslenskir sjávarhættir eftir Lúðvík Kristjánsson á meðan jafnaldrar hans lásu unglingsbækur eins og Gæsaúð og Heimsmetabók Guinness. Sagan heillaði svo og löngunin til að viðhalda þekkingu genginna kynslóða.

Einar Jóhann hóf nám í tréskipasmiði við Iðnskólann í Hafnarfirði sem síðar var sameinaður Tækniskólanum en hætti eftir tvö ár og snéri sér að húsasmiði við sama skóla og lauk þaðan námi í húsasmiði árið 2019. Að loknu

húsasmiðanámi snéri hann sér aftur að tréskipanámi við sama skóla, en hægt var að fá tréskipanámið metið sem hluta húsasmiðanámsins. Hann segir smíði við hús og bát sé um margt líkt en líka ólíkt. Hann hafi heyrt af Jóni Ragnari sem hafði nýlengi námi í bátasmiði og bátar, haf og strönd eru jú hluti af hvunndegnum hjá þeim sem búa við Breiðafjörðinn. Þegar Einar hefur lokið námi verða þeir tveir bátasmiðirnir sem útskrifast hafa síðastliðin 30 ár.

„Vissulega er markaðurinn á Íslandi lítill og ekki margir sem vilja láta smíða fyrir sig nýjan bát, en það þarf líka að lagfæra gamla báta og ég ætla mér ekki að hætta fyrr en ég hef lokið meistaranámi.“ Hann segir að Noregur heilli því þar sé mikil gróska í bátasmiði og lærdómsríkt að fá ný sjónarhorn og læra nýjar aðferðir. Þar í landi breyti menn bátum og lagi þá til eftir sjólaga viðkomandi staðar og notagildi. „Námið í Tækniskólanum er um margt mjög gott en aðalflöskuhálsinn þar eru teikningar. Það vantar sárlega menn sem geta kennt bátateikningar. Aðsókn í nám í bátasmiði er ekki mikil og því til sönnunnar er einungis einn aðili sem hefur lokið námi á síðustu þrjátíu árum. Að smíða bát er öðruvísi en allt annað. Hugsunin er önnur - það er einskona þrívíddarhugsun og góð heilaleikfimi,“ segir Einar Jóhann.

SJÓMINJASAFNIÐ Í ÓSVÖR VIÐ BOLUGARVÍK - Sigrún Klara Hannesdóttir



Finnbogi Bernódusson og Sigurbjörg Árnadóttir

Finnbogi Bernódusson sem er manna fróðastur um útgerðarsögu Bolungavíkur segir að átta manns hafi fylgt hverjum sexæringi, sex sem reru, einn sem stýrði og þar að auki var ein fanggæsla, gjarnan kona sem annaðist áhöfnina og eldaði handa þeim þegar þeir komu í land, þvoði af þeim og sá um að þeir fengu eins góðan viðurgerning og kostur var. Þegar mest var telur Finnbogi að á annað hundrað bátar hafi verið gerðir út frá Bolungarvík og útræði væntanlega þar alveg frá Landnámi. Verbúðirnar voru um 70 en gjarnan voru tvær áhafnir í hverri verbúð.

Skinnklæði voru staðalbúnaður sjómanna á fyrri árum og eru til sýnis í Sjóminjasafninu í Ósvör og getur hver og einn gert sér í hugarlund hversu stíður þessi fatnaður var. Hann var líka mjög dýrmætur og t.d. er talið að 6-8 skinn af á eða lambi hafi þurft til að sauma ein sjóklæði. Klæðin voru buxur sem festar voru upp með snæri og snærið líka notað sem belti. Buxurnar voru heilar undir ilina og náðu upp undir hendur. Utanyfir kom treyja með löngum ermum. Loks fylgdi sjóklæðunum sjóhattur að ögleymdum sjóvettingunum.

Endurbýgging Ósvarar var notuð sérstaklega þegar Erlendur Sveinsson kvikmyndagerðarmaður var að vinna að heimildamynd sinni um Verstöðina Ísland sem unnin var fyrir Landssamband íslenskra útvegsmanna í tilefni af 50 ára afmæli sjávarútvegs hér á landi. Myndin er í fjórum hlutum og rekur sögu íslens sjávarútvegs frá miðöldum til nútímans. Heimildamyndin er í fjórum hlutum: (1) Frá árum til véla; (2) Bygging nýs Íslands; (3) Baráttan um fiskinn og (4) Ár í útgerð. Því er þetta nefnt hér að eftirmyndin af verstöðinni í Ósvör við Bolungarvík var notuð sem leikmynd og sýnir að vel gerð leikmynd gleður nú augu ferðamanna sem heimsækja staðinn. Þessi leikmynd var svo einnig nýtt áfram í mynd Erlendar Íslands þúsund ár sem fjallar um einn róður á áraskipi frá verstöð. Finnbogi segir að til að gera leikmyndina hafi verið nýtt efni úr verbúð frá Lambhaga og þannig hægt að láta þær halda sínu upphaflega formi.

Það er svolítið sérstakt að hugsa til þess að leikmynd verði til þess að vekja athygli á fornum sjóminjum og horfnum atvinnuháttum, enda Ósvörin og safnið endurgert af miklum glæsisbrag.

Aðspurður hvort að hann telji það skipta máli að handverkið og hefðir við smíði súðbyrta báta sé nú komið á lista hjá UNESCO svarar hann. „Ég veit í raun ekki hvort það muni breyta miklu að súðbyrtingurinn sé kominn inn á lista hjá UNESCO. Það vekur samt hjá manni von að sjá að í síðustu úthlutun Fornminjasjóðs fengu fjórir bátar styrk og að fjármagn til sjóðsins hefur verið aukið um 20 milljónir. Það lofar góðu. Kannski er það vegna þess að súðbyrtingurinn er kominn á lista UNESCO og hefur fengið mikla umfjöllun á síðasta ári. Ég veit það ekki, en hvort haldið verður áfram að veita fjármagni til varðveislu bátaarfsins á eftir að koma í ljós.“

Framtíð trébáta á Íslandi segir hann tvísýna. „Í augnablikinu er til fólk sem hefur áhuga á trébátum, en þeim fer bæði fækkandi og þeir einstaklingar eru að eldast. Til þess að viðhalda áhuganum þarf bæði að auka þekkingu og vekja áhuga ungs fólks, bæði á súðbyrtum bátum og plankabyggðum bátum. Það er til dæmis hægt að gera með námskeiðum og námi en það þarf einnig að nota þá. Finna þeim farveg, halda námskeið í siglingu þeirra og skapa atvinnutækifæri. Þannig opnast möguleikar fyrir fólk, sérstaklega ungt fólk, til að vinna við báta og svo þarf iðmenntað fólk til að halda þessari þekkingu við.“

Norðmenn eru snillingar í þessu t.d. í gegnum lýðskólana sína. Það mætti líka reyna að vekja meiri áhuga á bátum innan grunnskólanna áður en krakkar eru búnir að ákveða hvað þeir ætla að gera“. Áhugi Einars Jóhanns einskorðast ekki við súðbyrta báta. Hann hefur einnig áhuga á að læra að smíða plankabyggða báta en hér á landi er það er einungis hægt á Akureyri og í Stykkishólmi. „Ég hætti ekki fyrr en ég hef lært þetta allt“ segir hann og hvergi banginn.

